



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Íslenskt mál B

ÍSLA2ÍB05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Kennarar áfangans:

Elín Una Jónsdóttir
Hrefna Clausen

Áfangalýsing:

Unnið er út frá eftirfarandi grunnhugmyndum: 1)Að verða hluti af samfélaginu 2)Að tileinka sér nýtt tungumál 3)Að kynna nýjum menningarheimi

Málfræði Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem efla málvitund og málfræðiskilning.

Málnotkun Nemendur þjálfast í að beita málinu með skriflegum og munnlegum verkefnum.

Ritun Nemendur þjálfast í ritgerðasmíð og uppsetningu ritgerða og nytjatexta. Uppbygging efnisgreina þjálfuð.

Tjáning Nemendur fjalla munnlega um ýmis efni. Nemendur taka þátt í samræðum með nemendum og kennara.

Lestur Nemendur lesa stutta bókmenntatexta og fjölbreytta nytjatexta.

Unnið með orðabækur. Nemendur vinna með leiðréttingaforrit svo og handbækur um ritun og frágang.

Áhersla er lögð á að nálgast viðfangsefni á fjölbreyttan og skapandi hátt. Kennsluáferðir og verkefnavinna er fjölbreytt.

Þekkingarviðmið:

Nemandi hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu málfræðihugtökum og ritreglum
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- grunnreglum í ritun
- grunnhugtökum og -reglum í ritgerðasmíð
- nokkrum grunnhugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að nýta grunnreglur í málfræði og málnotkun í riti og ræðu
- að skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- að draga saman aðalatriði í fyrirlestrum og ritmáli
- að leita upplýsinga úr heimildum og nýta sér til gagns
- að taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- að lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- að skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- forðast algengustu málvillur í riti og ræðu
- rökstyðja eigin skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum
- efla sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum
- efla ábyrgðartilfinningu gagnvart sjálfum sér, námi sínu og umhverfi
- ná góðu valdi á íslenskum framburði

Kennslubækur og kennslugögn

Íslenska fyrir alla 4. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.
Ljósritað efni frá kennurum

Námsmat

Virknir og vinna í tímum	15%
Munnleg og skrifleg verkefni	55%
Skyndipróf	20%
Munnleg próf	10%
	100%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
19.-21. ágúst	Kynning á áfanga	Sumarið 2015
24. ágúst-28. ágúst	Vinnubækur/Ljósrit frá kennara	
31. – 4. september	Fjölskyldan	Námsmat

7. – 11. september	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	
14. – 18. september	Íslensk kvikmynd	Unnið með myndina
21. – 25. september	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	Námsmat
28. september – 2. október	Lystitúr	Lystitúrin með mínum augum
5. – 9. október MIDANNARMAT	Fréttir	Fréttaverkefni
12. – 15. október Haustfrí 16.-19.okt.	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	Námsmat
20. – 23. október	Áhugamálið mitt	Áhugamálsverkefni
26. -30. október	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	
2. – 6. nóvember	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	Námsmat
9. – 13. nóvember	Á veitingastað	Lifandi veitingahús
16. – 20. nóvember	Vinnubækur/ljósrit frá kennara	
23. – 27. nóvember	Jólin	Hátíðarverkefni
30. nóvember – 4. desember	Uppsóp	Námsmat

Athugið að áfanginn er símatsáfangi sem reynir mikið á virkni og viðveru nemenda í kennslustundum. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að setja sig strax í samband við kennara missi þeir af prófi eða verkefnum. Fjarvera frá ákveðnum verkefnum eða prófum án útskýringa jafngildir einkunninni núll. Missi nemendur af skyndiprófi taka þeir sjúkrapróf þegar þeir mæta aftur í skólann. Nái nemendur ekki að ljúka verkefnum á tilsettum tíma skal það gert heima. Nemendum er bent á að nýta sér auglýsta viðtalstíma kennara til að fylgjast með framvindu námsins.

Með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf á önninni.

FSu í ágúst 2015,

Elín Una Jónsdóttir elinuna@mail.com

Hrefna Clausen hclausen@gmail.com